

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag tjaldsvæðis við Þurshöfðavík í Hallormsstaðarskógi á Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 29. júní 2005 deiliskipulag tjaldsvæðis við Þurshöfðavík í Hallormsstaðarskógi. Í deiliskipulaginu fellst afmörkun tjaldsvæða, staðsetning þjónustumiðstöðvar og umferðarkerfi á svæðinu. Gert er ráð fyrir bátalægi við mynni Staðarár.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 25. júlí 2005.*

**Ómar Þ. Björgólfsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að heimila akstur ökutækja úr Hafnarstræti austur Hverfisgötu, norður Kalkofnsveg og suður Lækjargötu.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. júlí 2005.*

**Ingimundur Einarsson,**  
varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Kringla.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 9,5 ha svæði í landi Kringlu sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði breytist í landbúnaðarsvæði þar sem fyrirhugað er að reisa íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar. Undan er skilin um 5000 m<sup>2</sup> lóð fyrir borholu sem verður áfram á skilgreindu iðnaðarsvæði.